

AUGLÝSING

um stöðvun veiða á makríl sem meðafla í færeyskri lögsögu.

1. gr.

Frá og með 4. september 2010 er óheimilt að veiða makríl sem meðafla við veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri lögsögu.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í reglugerð nr. 1039/2009 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2010, með síðari breytingum og reglugerð nr. 285/2010, um stjórn makrílveiða íslenskra skipa árið 2010, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 2010.

F. h. r.

Kristján Freyr Helgason.

Hrefna Karlsdóttir.